



Borgarráð

Hek lureitur – aðilaskipti að samkomulagi um uppbyggingu á lóðunum að Laugavegi 168 og Laugavegi 170-174

Óskað er eftir að borgarráð samþykki að Framkvæmdafélagið Laugavegur ehf., kt. 680921-2020, verði nýr aðili að að samkomulagi um uppbyggingu á lóðunum Laugavegi 168 og Laugavegi 170-174 í Reykjavík, og komi þannig í stað Heklu fasteigna ehf., kt. 631202-3060 og Stillis ehf. kt. 620543-0129. Aðilaskiptin verði samþykkt að því gefnu að nýr framsalshafi Framkvæmdafélagið Laugavegur ehf. undirriti viðauka við samkomulag, dags. 2. mars 2021, þar sem hann skuldbindur sig gagnvart Reykjavíkurborg til að standa skil á greiðslum samkvæmt samkomulaginu og til þess að hlíta að öðru leyti ákvæðum samkomulagsins í stað núverandi lóðarhafa.

Greinargerð

Þann 2. mars 2021 gerðu Reykjavíkurborg, Hekla fasteignir ehf., kt. 631202-3060, og Stillir ehf., kt. 620543-0129, með sér samkomulag um fyrirhugaða uppbyggingu á lóðunum Laugavegi 168 og Laugavegi 170-174. Samkvæmt samkomulaginu er lóðarhöfum óheimilt að framselja lóðarréttindi samkvæmt samkomulaginu áður en greiðsla samkvæmt 3. gr. hefur verið greidd. Heimilt er þó að víkja frá þessu ákvæði ef framsalshafi skuldbindur sig gagnvart Reykjavíkurborg til þess að standa skil á greiðslum samkvæmt samkomulaginu og til þess að hlíta að öðru leyti ákvæðum samkomulagsins í stað fyrri lóðarhafa.

Ívar Örn Ívarsson

Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara